



Ræða um erfiðleika í þjóðfélaginu, flutt á Varðarfundum 21. nóvember 1950.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Varðarfundur – Vörður – Erfiðleikar – Þjóðfélagið –
Þjóðfélagsmál – 21 nóvember 1950

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur ekki birt

Líklega notað í

Vantarfundir 21. nóv. 1950.

All. þingsjár. Mbl. 22. nóv. '50.

Sjá bls. 4-5;
10-12-13 + 17-26

Góðir Sjálfstæðismenn, konur og karlar.

Formaður félagsins sagði nú að vísu, að ég myndi hér gefa yfirlit um pingmál. Ég veit ekki hversu mikið verður af því, enda þykir nú sumum, að full nóg hafi bæði verið talað um rjúpunu og eins ritvélaborðann, sem Jónas Árnason flutti frumvarpið um, þannig að ég ætla nú ekki að fara að sérstaklega út í að telja það upp í einstökum atriðum.

Við vitum það öll, að það er mjög haft á orði manna á meðal, og að sumu leyti ekki að ástæðulausu, að ástandið hér á landi nú sé ekki gott. Það eru ýmsar ástæður, sem til þess liggja, það eru náttúruöflin, þau hafa verið óblíð við okkur nú um skeið. Mennt segja að vísu, að það sé sjúkdómsmerki, ef þjóðfélag geti ekki orðið fyrir skakkafalli af óblíðum náttúruöflum í eitt skipti, án þess að til sérstakra vandræða horfi. Og það er vissulega rétt. En okkur er þá líka skylt að hafa það í huga, að það er ekki í eitt skipti, sem einn af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar bregst, heldur í sjötta sinnið nú í röð. Og til viðbótar því hefur á stórum hlutum landsins bætst við mjög illt árferði fyrir landbúnað, ofan á það, sem við öll vitum, að landbúnaðurinn er herjaður af miklum sjúkdómum, svo til þess að bæta úr þarf að verja milljóna tugum árlega. Það er því ekki hægt að segja, að þó að slíkt á stand leiði til vandræða, sé það

sérstakt sjúkdómseinkenni. Það eru fá þjóðfélög, sem myndu hafa staðist svo langvinna erfiðleika, höfuð- atvinnuvega, sem við nú höfum orðið að pola nú um skeið.

Önnur höfuðástæða til vandræða okkar nú eru þeir örðugleikar, sem við höfum átt við að etja út af mörkuðum. Það er óvæfengjanlegt, að sumir þeir markaðir, sem okkur hafa reynst best á undanförnum árum, eins og í Þýskalandi og Bretlandi, eru miklu minni og ótryggari á þessu ári heldur en áður. Og hafa af því skapast vandræði, sem til bráðabirgða a.m.k. hlutu að bitna á mönnum. En þrátt fyrir þessa örðugleika er vert að hafa það í huga, að ennþá höfum við ekki ennþá lent í vandræðum út af því, að við höfum ekki getað framleitt alla þá vöru, sem við höfum framleitt. Það má fullyrða, að þó að öll okkar atvinnutæki hefðu verið í gangi á þessu ári og hvergi aflfi brugðist, þá myndum við engu að síður þrátt fyrir þessa örðugleika hafa getað selt vöru okkar, og það með við g' mjög góðu verði. Því að svo hraklega hefur tekist til, að óhöpp náttúruafla og sjálfskaparvæti hafa einmitt orðið til þess að hindra framleiðslu þeirra vörutegunda, sem best voru seljanlegar. Engu að síður hafa markaðsvandræðin leitt til örðugleika og ekki síst þeirra, að tekjur, sem áður fyrr komu inn jafnóður yfir allt árið, koma nú miklu meir á seinni hluta ársins, og hafa því á undanförunum mánuðum af þeim sökum skapast greiðslu- og gjaldeyrisvandræði. En til til viðbótar við þetta tvennt, óbíðu náttúruaflanna og markaðsörðugleikana, þá verðum við að játa, að ein

höfuðástan fyrir erfiðleikum okkar í dag er hreint sjálfskaparvíti. Af öðlu þessu hefir skapast óánægja, óánægja, sem er víðtæk og ekki bundin við neina einstaka stétt. Þó er það nú þannig, að því er mjög á lofti haldið, að einkanlega verzlunarstéttin hafi nú ekki undan neinu að k varta. Útgerðarmenn telja, að ef þeir gætu haft frjálsan gjaldeyri, sem þeir svo kalla, og tekið verzlunargróðann, þá myndu þeirra vandræði að miklu leyti leyst. Og við vitum það, að reynt er að telja verkamönnum og bændum trú um, að mikill gróði fari í kaupmannanna vasa. ~~Já, kaup-~~ Hjá kaupmönnum er aftur á móti andinn sá, að þeir telja mjög á sig hallað. Ég átti á dögunum tal við góðan og gegnan kunningja minn, smákaupmann hér í bænum, sem alltaf hefur greitt Sjálfstæðisflokknum atkvæði, þótt hann hafi ekki ~~alltaf~~ komið oft á fundi Sjálfstæðis- manna, og hann taldi það vera nokkurnveginn ljóst, að Sjálfstæðisflokkurinn gæti ekki verið verzlunarstéttinni velviljaður; svo mjög væri á kaupmannastéttina hallað, einkum smákaupmenn, að Sjálfstæðisflokkurinn hlyti að hafa rétt þeirra hlut, ef hann hefði til þess vilja. Þeir, sem þannig segja, þeir gleyma því, að Sjálfstæðis- flokkurinn hefur hvað eftir annað nú um áratugi ~~he~~ má segja haft verzlunarmálin og aukið frelsi í þeim efst á sinni stefnuskrá. Og þrátt fyrir það hefur flokkur- inn ekki tekist að fá meirihluta hjá þjóðinni. Þvert á móti má segja, að við síðustu margar kosningar hafi flokkurinn einungis fengið í kringum 40 % af atkvæða- magninu. Og sú atkvæða er ekki síst vegna þess, að því er virðist, ~~vegna þ~~ að hinir flokk- arnir hafa haldið fram annarri stefnu í verzlunarmálunum

heldur en Sjálfstæðismenn hafa viljað aðhyllast.

Við vitum allir um stefnu kommúnista í þeim, eins og öðru. Þeir vilja í raun og veru hið mesta ríkisbákn, þó að þeir í öðru orði af falsi og fláræði tali um frjálsa verzlun, þá er það blekking en ekki alvara.

Um Framsóknarmenn vitum við einnig, að þeir vilja reyna allt ~~vefna~~ undir Sambandið. Og um Alþýðuflokkinn, sem á ^{í þessum málum,} stundum hefur þó veitt okkur nokkurn atbeina, þá er nú sá huginn þeirra við landsverzlun svo mikill, að svo er að skilja á Alþýðublaðinu í morgun, að vinur okkar Stefán Jóh. Stefánsson hafi ferið til Frankfurt? ^{Strassburg?}

til þess að beita sér þar fyrir að koma upp allsherjarláns- eða innkaupastofnun fyrir alla Vestur-Evrópu. Spurningin er, hvort hann vill leggja Finn Jónsson sem forstjóra þar líka, eins og gert hefur nú verið hér. En hvað sem um það er, þá vitum við, að við höfum ekki fengið meirihluta fyrir stefnu okkar í verzlunarmálum, og að þingið er þannig skipað nú, og hefur verið þannig skipað um mörg undanfarandi ár, að ef skorist hefur í odða af þessum sökum, þá hefði það orðið okkar málstað, ^{og} verzlunarstéttinni beinlínis til illis. Ef Ég vil því segja, að þó að ýmsir hafi ástæðu til óánægju og eðlilegt sé, að verzlunarstéttin, eins farið er nú, finni til vandræðanna, þá hafa verzlunarmenn ekki ástæðu til að kvarta undan hjá kaupmönnum, því að við höfum gert allt, sem hægt hefur verið til þess að hafa heilbrigði í þeim efnum og beita okkur fyrir frjálsri verzlun og framtaki einstaklingsins, eftir því sem frekast hefur verið mögulegt. | En það má þá spyrja, eins og einn góður og gegn Sjálfstæðismaður ungar spurði hér í vor, þegar

núverandi ríkisstjórn var mynduð: Hvort það væri ástæða til þess fyrir Sjálfstæðisflokkinn að taka þátt í stjórnarmyndun, úr því að hann réði ekki meiru um stjórnarstefnuna heldur en raun ber vitni um. Um slíkt má auðvitað alltaf deila. En það kemur ein staðreynd til íhugunar, sem við megum ekki gleyma. Og hún er sú, að nú, eftir að þó samilega réttlát kjördæmaskipun er komin, þótt hún sé langt frá því að vera fullnægjandi, og eftir að kommúnistar eru orðnir svo sterkir sem þeir eru, þá er í raun og veru ákaflega erfitt að mynda í þinginu nokkra stjórn, sem bæði Sjálfstæðisflokkurinn og kommúnistar eru fyrir utan. Reynslan er nú búin að sýna það, að kommúnistar eru ekki stjórnshæfir og fyrir okkur, sem stærsta flokk þjóðarinnar, þá er það auðvitað engin afstaða að segja, að vegna þess að við fáum ekki öllu okkar framgengt, þá viljum við neyða þjóðina út í hreint stjórnleysi, eins og myndi verða, ef við Sjálfstæðismenn neituðum að taka þátt í stjórn landsins, þangað til við réðum einir. Í því efni verður auðvitað þjóðarheill að sitja fyrir, og Sjálfstæðisflokkurinn, þó að hann vitanlega geti ekki sætt sig við það, þá verður hann sem ábyrgur og stærsti flokkurinn, að taka þátt í stjórn meðan mögulegt er, til þess að forða frá algerri upplausn og vandræðum.

Hitt er svo annað mál, að samstarf við Framsóknarflokkinn, hvorki það, sem nú er né fyrverandi, samstarf, sem ég til þekki, er sérstaklega ánægjulegt. Og ég geri ráð fyrir, að löngum verði á

slíku samstarfi miklir örðugleikar, a.m.k. á meðan verulegur hluti Framsóknarflokksins er á því síðferðistigi, eins og flokksdeild hans hér í bænum, að þeir veita Hannesi Pálssyni flest atkvæði sem fulltrúa á flokksping sitt, eftir að hann er búinn að lýsa því yfir í opinberu blaði sem sínu mesta ágæti, að hann hafi öðlast svo mikinn persónulegan þroska, við það að stilla sig um það að stela úr eigin hendi, þegar hann passaði pottinn" í póker-spili. Það er auðvitað erfitt að teka þar sem

(Hér er
einhver
galli
á rullunni)

slíkur hugsunarháttur virðist vera hafður í heiðri að

verðum við að skilja, að núverandi stjórnarsamstarf er þjóðarnauðsyn, og að það mál, sem samstarfið var stofnað til um, gengisbreytingin, á s.l. vori, var algjör þjóðarnauðsyn.

Það eru sumir menn, sem tala um það núna sem einskonar sjálfsþaparvítí, að við höfum lækkað gengið, og taka eins og allir okkar örðugleikar stöfuðu af gengisbreytingunni. Við, sem þekkjum til þeirra miklu örðugleika, sem eru á því að koma saman tekjuhallalausum fjárlögum, án fiskuppbótanna, við vitum, að það hefði verið óvinnandi verk að gera það, ef margir milljóna tugir, sennilega einar 70 milljónir eða 100 milljónir hefðu þurft að fara til fiskuppbóta. Og vitum það líka, að atvinnugreinir þær, sem nú eru einna mestar vonir tengdar við og best hafa gefist síðustu mánuði, eins og t.d. karfavinnslan og síldveiði hér við Faxaflóa og

ýmislegt fleira, ekkert af þessu hefði getað átt sér stað, þegar menn geta hugsað til þess, ef gengisbreytingin hefði ekki átt sér stað. Það er því á lveg áreiðanlegt, að af ýmsu þörfu, sem gert hefur verið hér á landi, þá er gengisbreytingin einna nauðsynlegust. Það var ekki skemmtileg nauðsyn, - það er oft svo, að það nauðsynlega er ekki sérstaklega skemmtilegt, - en það var engu að síður óhjákvæmileg nauðsyn. Og þeir miklu örðugleikar, sem við erum í, þrátt fyrir gengisbreytinguna, þeir sanna einmitt betur en nokkuð annað, að ef hún hefði ekki átt sér stað, þá mundi algjört öngpveiti ríkja í landinu, og það var vissulega orðið í síðustu lög, sem þessi ráðstöfun var gerð. Að tala um afleiðingar hennar sem illar, eða líkja henni við sjálfskaparvíti á þann veg, er því algjör missögn.

Hitt er annað mál, að það eru sjálfskaparvíti, sem valda okkur miklum örðugleikum nú. Og fremst af því er/ auðvitað togaraverkfallið. Og jafnvel þó að það sé nú hjá liðið, þá er það svo stórkostlegur atburður í okkar atvinnulífi, hversu togararnir lágu lengi bundnir og það gífurlega tap, sem við biðum við það, sjálfsagt einar 70-80 milljónir í erlendum gjaldeyri, að mér þykir rétt að fara um það nokkrum orðum, ekki til þess að sakast um orðinn hlut, heldur til þess, ef verða mætti/út frá því, að gera sér grein fyrir nokkrum hættulegustu veilunum í þjóðlífi okkar nú.

Það var ~~var~~ svo að skilja á ýmsum, og þær

raddir höfðu jafnvel náð inn í hóp Sjálfstæðis-
manna, sem það væri sök ríkisstjórnarinnar, að
togaraverkfallið átti sér stað og var ekki leyst.
Sannleikurinn er sá, að það má segja það, að það
hafi verið þrjár frumorsakir til þessa verkfalls.
Í fyrsta lagi lökkunin á ísfiskssölunum og þar með
kauplökkun hjá þeim, sem höfðu tekjur sínar af
þeirri atvinnugrein. Þessu samfara var svo, að
menn tóku saltfiskveiðar í staðinn og kjörin á
saltfiskveiðum voru þannig, að togaramenn myndu
aldrei una þeim og töldu þau alltaf of lág. Í
þriðja lagi kom svo vaxandi sannfæring um va
togarasjómannanna fyrir því, að það væri bæði mögulegt
og sanngjarnt, að þeir fengju aukinn hvíldartíma
frá því sem áður hafði verið.

Varðandi saltfiskkjörin þá var það nú svo,
að togaraútgerðarmenn viðurkenndu margir, að þau
væru of lág, og ég heyrði menn segja snemma á þessu
ári, að það væri augljóst, að breyting þyrfti að
verða á því. Engu að síður varð nú atburðanna rás
sú, að ekkert var í því gert, og skýrðust ástæð-
urnar fyrir því nokkuð á eftir. Hinsvegar var
því haldið örugglega fram af útgerðarmönnum lengi
vel, að það væri óhugsandi með öllu að lengja
hvíldartímann á skipunum. Ég minnst þess, að
fyrir svona tveim eða þrem árum, þegar krafan um
þessa lengingu hvíldartímans kom fyrst upp og
borið var fram frumvarp um það á Alþingi, þá var
því hreyft af sumum þingmönnum, sérstaklega minnst
ég þar Jóhanns Hafstein, hvort ekki væri rétt og
eðlilegt að fallast þegar í stað á þessa kröfu,

a.m.k. varðandi saltfiskveiðar. Það var viðurkennt, að það myndi verða erfitt og ástæðuminna varðandi ísfisk, en ef saltfiskveiðar kæmu aftur, þá mundi sjálfsagt verða óhjákvæmilegt að viðurkenna þessa kröfu, og þá væri betra að gera það fyrirfram átakalaust. Og þá var fullyrt af útgerðarmönnum, og þeir studdust við sína sjómenn, yfirmenn á skipunum, að það væri með öllu óaðgengilegt að fallast á þessa kröfu.

Um afstöðu Sjómannafélagsstjórnarinnar er það að segja, að Sjómannafélagsstjórnin hún þorði ekki að semja, jafnvel þó að samningar hefðu verið í boði af hálfu útgerðarmanna, þá þorði hún ekki eftir reynslu frá fyrri samningatilaunum sínum, árinu áður og þar áður, að semja fyrr en sjómennirnir væru komnir í land og hún gæti stuðst við þeirra álit. Ein af ástæðunum til þessa var sú, að Sjómannafélagsstjórnin hún styðst ekki við nægilega mikið fylgi hjá starfandi sjómönnum. Kosningaaðferðin í Sjómannafélaginu er ennþá ólýðræðisleg og hjálpar Alþýðuflokknum til þess að hafa hlutfallslega of mikil áhrif í stjórn félagsins. Þetta kemur fram enn í dag, að nú hefur verið stillt upp lista við kosningar í þessu félagi, lista, sem eftir kosningareglunum er hér um bil víst, að muni verða kosinn, og þá er, jafnvel eftir það, sem nú hefur skeð, eftir að sýnt er, að Sjómannafélagsstjórnin ein hefur engin tæk á félaginu, Alþýðuflokkurinn einn hefur engin tæk á félaginu, þá er ekki látið sér þetta

að kenningu verða, heldur stillt upp tómun
Alþýðuflokksmönnum, þannig að ekki er leitað
neitt utan samstarfs, til þess að
stjórnin og félagið verði rétt mynd þess starf-
andi sjómanns. Slíkar aðfarir kunna auðvitað
aldrei góðri lukku að stýra, og komu átakanlega
fram til ill í því sjómannaverkfalli, sem nú
átti sér stað.

Nú, af þessu leiddi, að útgerðarmenn vildu
ekki í upphafi og voru ekki til viðtals um veru-
legan af þeim kröfum, sem síðar
gengu fram, og Sjómannfélagsstjórnin þorði alls,
þótt fært hefði verið, að reyna samninga fyrr
heldur en eftir að verkfall var byrjað og orðið
svo víðtækt, að meginhluti sjómanna væri kominn
í land. Af þessu leiddi, að það var óhjákvæmi-
legt, að togararnir hlutu að stöðvast. Þegar
það varð, þá tók það við, að togararnir voru
settir í viðgerðir, sem tóku nokkrar vikur,

vegna þess að þeir

sóttu allir eftir viðgerðum nærri því samtímis.
Meðan á því stóð höfðu útgerðarmenn ekki sérstaka
löngun til þess að semja. Og jafnskjótt sem skipin
komu í land var reynslan sú, að sjómenn fengu
vinnu í landi við annan atvinnurekstur heldur en
við togarana, stundum meira að segja hjá togara-
félögunum sjálfum, stundum við ~~vinnu~~ hinn og
þennan atvinnurekstur. Sumir fóru á síld og ýmis-
legt fleira kom þar til greina. Í þessu lýsti
sér auðvitað mikill veikleiki vinnuveitandasamtaka,

vegna þess að það er auðvitað og það verðum við að horfast í augu við sem þjóðfélagalega staðreynd, að það er auðvitað nærri því ómögulegt að leiða til lykta verkfall, ef þeir, sem fara í verkfall, fá jafnskjótt aðra og jafnvel þægilegri vinnu. Með þessu er ég ekki að tala fyrir atvinnukúgun eða neinu í þátt átt. En við verðum að átta okkur á, að alveg eins og verkalýðsfélög eru þjóðfélagsleg nauðsyn, sem engum núlífandi manni mundi-~~detta-í~~ hug-fyrir vestan járntjaldið mundi detta í hug að ætti að stöðva starfsemi sína, þá er það auðvitað einnig nauðsynlegt, að það eigi sér stað öflug atvinnurekendasmötök. Ef það er ekki, þá er óhjákvæmilegt, að atvinnulífið hlýtur að sporreitast, að byrðarnar, sem lagðar eru á atvinnurekendur, verða of miklar og afleiðingin af því er svo aftur sú, sem var orðin óhjákvæmileg á s.l. vori, að gengislækkun hlýtur að eiga sér stað. Gengislækkun, sem getur verið nauðsynlegt læknisráð, en er vissulega er ekki hlutur, sem út af fyrir sig myndi sókst eftir, heldur í besta tilfalli er nauðsynlegt böll.

Það kom því þarna fram bersýnilega, að atvinnurekendasmötökin voru ekki starfi sínu vaxin, því starfi, sem þau þurfa að vinna af hendi í sæmilega skipulögðu þjóðfélagi, eða þjóðfélagi, sem á að hafa von um að hafa sæmilegt jafnvægi. Til viðbótar kom svo það, sem eftir á virðist vera nærri því óskiljanleg skyssa af hálfu atvinnurekenda, að þeir leyfa útgerðarmönnum á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem kommúnistar ráða yfir sjómannafélögunum, að gera

sérsamninga um karfavinnslu, með þeim árangri, að þar sem kommúnistar ráða í sjómannafélögunum, þar verður ekkert verkfall, þannig að kommúnistar þeir hafa enga löngun til þess að ~~verka~~^{leysa} verkfallið, þeir hafa allt að vinna til þess að halda verkfallinu áfram. Þeirra menn á Norðfirði, Akureyri og Vígulfirði, sérstaklega á Norðfirði, þar sem þeir ráða bæði yfir verkalyðnum og atvinnurekstrinum, þeir mokuðu peningunum og undu glaðir við sitt. En þeir hér fyrir sunnan, þar sem Alþýðuflokkurinn í sínum veikleika lafði við völdin í Sjómannafélaginu, þar stóð þetta verkfall, sjómönnum til bölvunar, útgerðarmönnum til bölvunar og þjóðfélaginu til bölvunar, öllum til bölvunar nema kommúnistum, sem vonuðust til þess að endir verkfallsins yrði sá, að þeir næðu Sjómannafélaginu og óánægja og óvild, fátækt og örðugleikar mögnuðust í þjóðfélaginu. Það kunna að hafa verið ástæður til þess að þetta var gert, og það er enginn vandi að vera vitur eftir á. Þess vegna áfellið ég engan fyrir þetta, en það er greinilegt, að þarna átti sér stað mikil skyssa af hálfu þeirra manna, sem réðu fyrir atvinnurekendasamtökunum.

Nú, kommúnistar að öðru leyti höguðu sér í deilunni á þann veg, sem ég sagði, með þeim tilgangi einum og í þeirri viðleitni einnig, að auka á vandræðin. Þeir hugsuðu um það eitt að hindra settir, en ekki að bæta kjör sjómanna, sem best sést af því, að þar sem þeir réðu yfir

bæði sjómannafélögum og atvinnurekendum, eins og á Norðfirði, þar veittu þeir sjómönnum þeir ekki þau góðu kjör, sem þeir þóttust vera að berjast fyrir hér fyrir sunnan. Og jafnvel á Siglufirði, þar sem þeir réðu einungis fyrir sjómannafélaginu, var svo langt gengið, að sjómennirnir voru þínir til þess að fella mun hagstæðari kjör á karfaveiðum, heldur en þeir fengu sjálfir fyrir. Og þeir héldu áfram eins og ekkert væri og með þeim gamla hvíldartíma, þó að þeir héldu því fram hér fyrir sunnan, að það væri ómögulegt að fara út, nema hvíldartímanum yrði breytt. Þessi óheilindi voru augljós, kannske of augljós, þannig að þau á sínum tíma hjálpuðu til þess að leysa deyluna. Sjómenn ^{sau,} sögðu, að þarna var verið að leika sér með þeirra fjöregg, ekki fyrir þeim, heldur allt öðrum annarlegum ástæðum.

Meðan þessu fór fram þá var mögnuð krafan um afskipti ríkisvaldsins. Og hún var efld sérstaklega af tveimur ólíkum ástæðum. Sjómannafélagsstjórnin hún var í rauninni úrræðalaus um lausn málsins, og hafði ekki nægilegt samband inn á við sjómenn og vissi þess vegna aldræi/hvað henni var óhætt að ganga eða ekki. Það var áreiðanlega velvilji þar og þjóðhollusta fyrir hendi, en mennirnir höfðu komið sér í stöður, sem þeir höfðu ekki fylgi til að gegna, og vissu því aldrei, að hverju þeir máttu ganga eða hvort hvort þeir settu að synja framkomnum tilboðum.

Þessvegna vildu þeir reyna að velta sökinni á ástandinu yfir á aðra og þá ríkisvaldið. Og það er eftirtektarvert, að það var einmitt fyrst í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem krafu um bein afskipti ríkisvaldsins var borin fram og þá af fulltrúa Alþýðuflokksins.

Hinsvegar var þessi krafa mjög mögnuð af kommúnistum. Og þeir vildu koma á ríkisafskiptum; í fyrsta lagi til þess, þeir vildu magna þá hugmynd hjá fólkinu, að ríkisafskipti ættu að eiga sér stað, fyrst og fremst þess vegna, að ef þeirri kröfu var ekki sinnt, þá var hægt að skamma stjórnina fyrir aðgerðaleysi og athafnaleysi. En ef ríkið hefði gripið til sinna ráða, en þau voru ekki önnur heldur en að lögbjóða einhver tiltekin kjör, á togurunum, eða setja á gerðardóm; ríkið gat ekki skyldað neinn mann til þess að fara út á togara, og ennþá síður knúð nokkurn mann með valdboði til þess að fara út á togara. Nei, jafnvel þótt ríkið hefði nú reynt þessar tiltölulega máttlausu ráðstafanir, sem það hafði vald til, þá var ætlunin sú, og hún fór ekkert leynt, að þá átti að espá menn til óánægju út af því, það átti að skýra þetta kúgunarlög og þrelalög og fá sjómenn til þess að neita því að fara um borð í skipin samkvæmt því líkri þvingunarlöggjöf. Nú, jafnvel þótt einhverjir sjómenn eða allir hefðu farið út á skipin, þá var hægt að kynda þarna eilífan óánægju og haturseld fyrir það, að ráðin hefðu verið tekin af sjómönnum yfir þeirra

helgustu málum.

Svona voru nú þessar kröfur og þetta um-
tal um ríkisafskipti til komin. Og því ber
ekki að neita, að það átti sér stað, eins og
stundum áður, að Sjálfstæðismenn, í góðri
meiningu, voru of ginkeyptir til þess að taka
upp kröfur, sem voru bornar fram af þeirra and-
stæðingum og þeir höfðu ekki til hlítar hugleitt
til hvers leiða mundi.

Hitt er svo annað mál, að ríkisstjórnin
fylgdist auðvitað með málunum frá upphafi. Allir
þeir, sem þekkja til sáttasemjara ríkisins,
Torfa Hjartarsonar, geta nóg samlega lofað hans
hugkvæmni og þolinmæði og dugnað við að reyna
leysa vinnudeilur, þessa sem aðrar. Hann lét
ríkisstjórnina ætíð fylgjast með, og ráðlagði
henni, hvað hann taldi skynsamlegt að gera á
hverjum tíma. Þar á meðal fékk hann tvo afburða-
menn með sér, þá Gunnlaug Briem og Jónatan
Hallvarðsson, sem reyndu að koma sáttum á, sáttum,
sem fulltrúum sjómanna um tíma manna á milli
töldu vera meistaralega úr garði gerðar og ótrú-
legt, að svona snjöll lausn hefði fundist, en
sem síðan fékk ekki nema örfá atkvæði, þegar hún
var borin undir sjómenn, og sýndi, að það var
vissulega við ramman reip að draga, og að menn
höfðu ekki svo sem skildi gert sér grein fyrir,
hvað hér var mikil alvara á ferðum. Síðar komu
þeir svo til, þeir Emil Jónsson og Ólafur Thors,
og jafnvel fyrir þeim, eftir að þeir komu til,

pá mistókst fyrsta tilraunin. Og pá var vissulega mikil löngun til lögfestingar. Og ég skal játa, að bæði mig og aðra skorti í raun og veru rök fyrir því, að það ætti ekki að reyna það úrræði, eins og ástandið var alvarlegt. Þó fór nú, sem betur fer, svo, að menn vildu gera a.m.k. eina tilraun enn, áður heldur en til neyðarúrræða væri gripið. Reyndar var það víst, að pá voru það einkum kommúnistar, sem óskuðu eftir lögfestingu. En, eins og ég sagði áðan, mjög óvíst, að skipin hefðu farið út og a.m.k. skapaður grundvöllur fyrir varanlegum glundroða og upplausn, sem einmitt var það, sem kommúnistar óskuðu eftir. Nú í þess stað var svo þaukað áfram um að reyna að koma á raunverulegu samkomulagi milli deiluaðila. Það áttu margir góðir menn hlut að máli og Sjómannafélagsstjórnin gerði vissulega allt, sem hún gat gert, eftir því sem hennar máttur stóð til; sáttasemjararnir unnu dag og nótt; en þó er það ekkert launungarmál, að þar lagði mest til formaður Sjálfstæðisflokksins, og það er flestra eða allra manna mál, sem til þekkja, að án hans persónulega atbeina og þeirrar miklu tiltrúar, sem hann og hans mál hefur hjá sjómönnum og verkalyð, pá mundi nú þetta allt ekki hafa leyst eins og það þó leystist. Og það fór þó að lokum þannig, að kommúnistar sátu eftir með sárt ennið, að ráðagerðir þeirra fóru út um þúfur, að þeir einangruðust í félaginu, og nú er þó skapleg von til þess að forða megi því, að

þetta annað öflugasta verkalyðsfélag í landinu lenti ekki í höndum kommúnista, þ.e.a.s. ef Alþýðuflokkurinn heldur ekki áfram þeim skrípa-leik, að hann geti ráðið einn við þau mál, sem hann hefur engan styrkleika eða almenningsfylgi til þess að ráða við.

Af hverju hefi ég nú rakið þessa sögu svo ítarlega? Það er vegna þess að af henni má draga nokkra lærdóma, sem ég tel vera hafa þýðingu varðandi höfuðmeinsendir okkar þjóðfélags.

Það fyrsta er það, að samtök atvinnurekenda, þau reyndust í þessari deilu bæði vera of veik og ekki nógu hagsframsýn, ef svo má segja. Í öðru lagi reyndist svo, að Sjómannafélagsstjórnin var of veik, af því að hún var ekki raunveruleg lýðræðisleg stjórn í sínu verkalyðsfélagi. Það kom á daginn, að það er vonlaust, að þeir menn geti samið fyrir verkalyðinn, sem ekki hafa þar myndugleika og traust meira, en þessir menn höfðu, með þeim takmarkaða grundvelli, sem þeir höfðu sjálfir skapað sér. Nú í þriðja lagi kom fram, sem við vissum áður, sem sannaðist mjög berlega í þessari deilu ennþá einu sinni, að kommúnistar vinna eingöngu að lömum og upplausn þjóðlífsins, og láta sig engu skipta hagsmuni eða velferð þeirra, sem þeir þykjast vera að berjast fyrir.

Úrræðið gegn þessum meinsemdum er áreiðanlega eitt, og aðeins eitt, það er nánara samstarf milli atvinnurekenda og verkalyðs heldur en verið

hefur. Við höfum séð það í Alþýðusambandskosningunum, sem hafa átt sér stað nú nýlega, að í þeim atvinnugreinum, þar sem er allnáið samband á milli atvinnurekenda og verkalýðs, þar hefur víðast hvar tekist að hnekkja veldi kommúnistanna. Aftur á móti er það, sem er í raun og veru óskiljanlegt eða lítt skiljanlegt fyrirbæri við fyrstu sýn, hversu kommúnistar hafa sterka aðstöðu í Dagsbrún. Það verður skiljanlegra, þegar menn hugleiða, að gagnvart þeim mikla fjölda verkamanna kemur beint samband við atvinnurekendur, eins og nú er komið þjóðfélagsháttum, ekki nóg til greina. Við sjáum, að meginþorrinn af þeim, sem í Dagsbrún vinna, eru menn, sem annað hvort vinna hjá einum í dag og öðrum á morgun, eða þá hjá stórum, óperusónulegum stofnunum, eins og Reykjavíkurbæ, ríkinu, Eimskipafélaginu, Skipaútgerðinni, togaraafgreiðslunni og öðrum slíkum stórum samtökum, þar sem ekki eiga sér stað þau tengsl milli verkamanns og hans atvinnuveitanda, sem eru áreiðanlega öruggasta vopnið gegn kommúnisma og öruggasta ráðið til þess að halda uppi okkar þjóðfélagi. Það er áreiðanlega engin tilviljun, að formaður Sjálfstæðisflokksins er einn af stærstu atvinnurekendum landsins. Og það er áreiðanlegt, að hann hefur með fáu gert bæði flokknunum og þjóðinni meira gagn heldur en honum hefur tekist fyrst og fremst í gegnum sitt fyrirtæki og hans meðstarfsmönnum þar að skapa þá tiltrú hjá sem hjá þeim hafa unnið, að þeir skoða þá ekki einungis

sem fjarlæg hugtök eða stærðir, heldur menn, sem muni reynast sér vinir í raun. Það er þetta samband, sem verður, ef svo má segja, að endurnýja. Við verðum að haga bæði atvinnurekstri hjá þeim stóru atvinnurekendum eins og Reykjavíkurbæ og öðrum, og ekki síst hjá einstaklingunum og þeirra félögum þannig, að það hverfi með einum eða öðrum hætti e úr sögunni það, að menn líti á atvinnurekandann sem einhverja fjarlaga stærð, sem láti sér hag verkamannsins engu skipta. Þarna verður að finna eitthvað form til þess að upplausnar- og gereyðingaröflunum vinni sitt verk miður heldur en hefur tekist fram að þessu. Það er áreiðanlegt, að eitt af því, sem var ískyggilegt varðandi sjómannaverkfallið og e.t.v. einna ískyggilegast var þetta, að útgerðarmenn virtust um skeið ekki hafa hugmynd um, hvaða menn ynnu á skipunum, hvaða hugsanir bærðust í þeirra hug og hjarta, vera með öllu ókunnir þeirra skoðunum og þeim eðlilegu kröfum, sem þeir hefðu fram að bera. Ef slíkur andi á að festa rætur, þá er okkar þjóðfélagsbarátta erfið ef ekki vonlaus. Þessvegna verður með einum eða öðrum ráðum að hverfa frá þessu og taka upp þá gömlu hætti. Það er hægt með ýmsu móti. Ég skal ekki rekja það frekar í kvöld. Það yrði of langt mál, en áreiðanlega munu finnast úrræði í því, þegar menn gera sér grein fyrir, hvar meinsemdin liggur og hvað það er, sem lækna verður. Auðvitað vitum við það, að tilraunir í þessa átt verða sagðar gerðar af okkur í því skyni

að kúga verkalyðinn. Við þekkjum þann söng allt of vel til þess að eigi að geta fælt okkur. Enda liggur sómi Sjálfstæðisflokksins við því, að við þorum alveg óhikað að segja það sjálfir, að við treystum okkur ekki síður heldur en t.d. einn maður eins og Lúðvík Jósefsson á Norðfirði og aðrar kommúnistasprautur þar, að sjá hvorttveggja í senn vel fyrir atvinnurekstri og heill verkalyðsins. Það er ekki ætlun mín, að ráðin séu tekin af verkalyðnum á þann veg, sem gert er fyrir austan járnþjald, þar sem kommúnistískt þjóðskipulag hefur verið sett á laggirnar. En þarna þarf einlægt og raunverulegt samstarf, nánari kynni, meira viðsýni af hálfu atvinnurenda, meiri viðleitni til þess að fylgjast með því, hvar skórin kreppir, og meiri samtök af hálfu verkamanna, til þess að láta ekki óábyrga og sér illviljaða angurgapa leiða sig í gönur.

Undir þessu getur í raun og veru framhald þjóðskipulagsins verið komið. Við Íslendingar verðum að skilþja, að hjá okkur hafa átt sér á örfáum árum stað miklar þjóðfélagsbreytingar. Örir fólksflutningar úr hófi fram, og skjót bygging bæjanna og of lítil áhrif ýmissa þeirra stofnana, sem t.d. úti í löndum hafa staðið best á móti eyðingaröflum kommúnismans, eins og t.d. kirkjan og aðrar slíkar gamlar menningarstofnanir. Allt gerir þetta að verkum, að við erum í meiri hættu hér heldur en flestar aðrar menningarpjóðir fyrir þeim upplausnaröflum, sem í þjóðfélaginu eru. Enda

sýnir reynslan það hér, að kommúnistar eru sterkari heldur en hjá öðrum skyldum þjóðum, sem þó eiga að ýmsu leyti við lakari lífshætti að búa heldur en við. Þess vegna verðum við að leita allra hugsanlegra ráða til þess að bæta úr þessu, og eitt af þeim ráðum er áreiðanlega að koma á slíku nánara samstarfi milli verkalyðs og vinnuveitenda heldur en verið hefur.

Það eru engar ýkjur þó að við segjum, að Íslandi, þjóðe okkar og menningu ógni nú margskonar hættur. Undanfarna mánuði höfum við sé, hvernig hinn alþjóðlegi kommúnismi ræðst með beinu vopnavaldi til árásar og atlögu þar sem hann telur varnarleysi vera fyrir hendi. Gegn þessari geigvænlegu hættu höfum við reynt að tryggja okkur með þátttöku í bandalagi Norður-Atlantshafsríkjanna, og hljóta þó ýmsir að spyrja, hvort þar sé nóg að gert. Ég skal ekki fara frekar út í þá sálma í kvöld. En vopnuð árás er ekki eina eða e.t.v. ekki mesta hættan, sem okkur ógnar. Gegn íslenska þjóðfélaginu er látlaust unnið með öðrum hætti. Í þeirri baráttu megum við ekki vera í vörn, heldur verðum við sjálfir að sækja fram. Við verðum t.d. með fræðslu að sanna fánýti og blekkingar kommúnismans. Þess vegna gleður það mig sérstaklega, að út er komin nú alveg nýlega heimsfræg bók, "Guðinn, sem brást", þar sem nokkrir frábærir andans menn, sem um skeið létu kommúnismann villa sér rétttri leið, gera grein fyrir því bæði af hverju urðu kommúnistar og af

hverju þeir síðan séru á móti þeim. Þetta rit, sem hefur vakið heimsathygli, á vissulega mikið erindi til Íslendinga. Það er á stundum svo með okkur Sjálfstæðismenn, að við erum of deigir við að breiða út þær bækur og þær kenningar, sem geta örðið okkar málstað til góðs, þar sem við sjáum aftur, að okkar andstæðingar vinna látlaust fyrir þau sorprit, sem þeir þreyna að halda að almenningi og einkum unglíngum.

Ég vildi nú nota þetta tækifæri til þess að skora á Sjálfstæðismenn að stuðla að öflugri útbreiðslu þessarar bókar. Þetta er bók, sem allir þeir, sem láta þjóðfélagsmál sig varða, ættu að lesa, og ekki síst þeir, sem hafa áhrif á unglínga, ættu að veita þroskuðum unglíngum færi á því að kynna sér þetta merka rit.

Nú, þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig við eigum að sækja fram. Við eigum ekki að hirða um of að svara daglegu níði og rógi okkar andstæðinga. Við eigum að sækja fram. Láta þá svara okkur. Láta þá vera í varnaraðstöðunni, vegna þess að það eru vissulega við, en ekki þeir, sem berjumst fyrir réttu máli. Við verðum einnig að fylgjast betur með því en við höfum gert, að við í fræðslu- og menningarstofnunum eins og útvarpi og skólum sé ekki haldið að mönnum kommúnisma, heldur sé þar haldið með hlutleysi og réttsýni á málum.

Ég segi það nú aðeins sem dæmi, án þess að ég ætli nú að rekja það mál hér, það er ekki þess

eðlis, að það eigi við að fara að tala um það nú, en það var frétt í útvarpinu í kvöld, sem er gott dæmi um það, hvernig hagræða má sannleikanum, að út úr komi algjörlega villandi frásögn, án þess að hægt sé að segja, að það sé sagt beinlínis ósatt. Það var út úr þessu máli Jónasar Þorbergssonar og Helga Hjörvar. Þar var því haldið mjög á lofti og sagt frá því, sem rétt er, að Jónas Þorbergsson hefði óskað eftir rannsókn málsins, og a.m.k. sagt, að hann hefði lýst yfir, að hann vildi láta af störfum um sinn, ef þess væri óskað. En í hádegisútvarpinu var alveg pagað um það, að áður en þessi ósk kom fram frá útvarpsstjóranum, var útvarpsráðið húið að krefjast rannsóknar og krefjast þess, að það væru gerðar ráðstafanir til þess að koma á friði í stofnuninni. Og eins var í fréttinni í kvöld sagt frá þessari samþykkt útvarpsráðs á eftir hinu, þannig að það varð ekki annað skilið heldur en að útvarpsstjóri hefði þarna orðið á undan og haft frumkvæðið. Við, sem þekkjum það mál, vitum, að það liggur allt öðru vísi fyrir. Ég skal ekki fara frekar út í það. En þarna er gott dæmi um það, hvernig hægt er með því að hagræða frásögn, með því að taka í vitlausri röð það, sem hefur skeð, að hægt er að fá alveg villandi mynd hjá almenningi á því, sem borið hefur að höndum. Svo að við höfum vissulega ástæðu til þess að vera á verði í þessum efnum. Við verðum enn fremur að kenna fólki að greina á milli þess, sem hefur mikla þýðingu og hins, sem hefur litla þýðingu.

Og ég verð að segja það, að það er gott dæmi um þetta í dag, að þá er í okkar góða blaði, Vísi, þá er sérstök grein til þess að finna að því, að einhver maður hafi fundið einhvern þef í bænum í gar, og þess er krafist, að það verði strax gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þennan óttalega óþef. Eftir að við erum nú búin að horfa á togarana liggja í allt sumar, og eftir að við erum búin að hafa fregnir af því, að karfa-veiðin gangi a.m.k. treglega, þá hefði ég nú haldið, að hjá öllum rétthugsandi mönnum væri það nú fögnuður, ef við fyndum óþef af því, að það væri farið að bræða karfa hér í höfuðborginni, farið að skaffa gjaldeyri til þess að við gætum fengið nauðsynjar okkar. Nei, þarna kemur þetta, að vegna þess að þetta fer ílla í nefinu á einhverjum, þá er strax hlaupið með það í blöðin, þá verður það að umræðuefni, í stað þess að gleðjast yfir því, sem vel hefur verið gert og til heilla má horfa. Ég nefni ekki Vísi vegna þess, að þetta geti ekki staðið í Borgunblaðinu líka, ég vil taka það fram, heldur vegna þess að þetta er alveg nýtt dæmi, og svo átakanlegt, um þá skammsýni, sem oft á sér stað í okkar málflutningi, sjálfsagt hjá mér eins og öðrum.

Hitt verð ég að segja, að það er ekki furða, þótt sitthvað fari aflaga og sitthvað vanti hjá þjóð, sem orðið hefur fyrir slíkum skakkaföllum eins og við Íslendingar höfum orðið fyrir í ár, ofan á það, sem áður var. Hitt finnst mér miklu

merkilegra, og miklu meira þess virði að festa hugann við, að þrátt fyrir allt þetta er á þessum örðugleikatímum hægt að ráðast í stórfelldustu framkvæmdir, sem Íslendingar enn hafa ráðist í, sem sagt virkjun Sogsins, fyrir utan Laxárvirkjunina fyrir Akureyri. Þetta finnst mér miklu merkilegra mál heldur en það, þó að við á þessum örðugleikatímum getum ekki veitt okkur allt, þegar við þó þrátt fyrir allt lífum áreiðanlega jafngóðu eða betra lífi heldur en a.m.k. flestar eða allar þjóðir í Norðurálfu heims. Það, að við getum ráðist í þessar framkvæmdir er að vísu því að þakka, að við tökum þátt í alþjóðlegu samstarfi ómetanlega Marshallsamstarfinu svokallaða, sem aðrar Evrópuþjóðir, okkur miklu ríkari að náttúruauðæfum og mannvirkjum, fyrirverða sig ekki fyrir að taka þátt í. En ýmsir eru þeir stórbokkar hér, að það er látið óátalið að talað sé um betl og annað í því sambandi, þegar það er einmitt um að ræða einhverja þá göfugustu samhjálpi milli þjóða, sem sagan greinir frá. Og Íslendingar hefðu orðið sér áreiðanlega til skammar og orðið fyrir miklu tjóni, ef þeir hefðu ekki tekið þátt í því.

En um fram allt verðum við sjálf að gera okkur grein fyrir veilunum í þjóðfélagi okkar. Og við verðum sjálf, hér í Sjálfstæðisflokknum, að beita okkur fyrir, að úr þessum veilum verði blett. Við eigum hiklaust að gagnrýna það, sem miður fer; við eigum hiklaust að viðurkenna, hvað okkur sjálfum hefur skjást. Ef við gerum það til þess að

gera-betur byggja upp, ef við gerum það til þess að gera betur næst. Við verðum að efla frelsi og auka framtaksmöguleika einstaklinganna. Og við verðum líka að hafa hugfast, að við Íslendingar þolum ekki óeðlilegan mismun á lífskjörum, því við erum að eðlissfari jafnaðarmenn í þeirri góðu merkingu, að þeir hata ójöfnuð og þeir vilja, að allir deili bæði súru og sætu. Það er engin tilviljum, að Íslendingar voru til forna forgangspjóð í tryggingum, þegar slíkt hugtak var ekki þekkt í löggjöf annarra þjóða.

En á engu ríður okkur meir heldur en að halda í heiðri okkar gamla kjörorði: Stétt með stétt. Við verðum að skilja, að þetta eru ekki innantóm orð, það er ekki svaldur, marklaust, heldur verður hver einstaklingur í sínu persónulega lífi, hvar sem hann kemur fram, að leggja sig allan fram, að þetta megi takast í raun og sannleika, að stétt standi með stétt, - þá mun vel fara.